

- 121 Athgs. 1. Farardagur frá Kaupmannahöfn og Reykjavík er fastákveðinn. Við milli-stöðvarnar er tiltekinn sá tími, er skipið í fyrsta lagi getur farið á; en farþegar mega vera við því búinir, að það verði síðar. Gangi ferðin vel, getur skipið komið nokkrum dögum fyrri til Kaupmannahafnar og Reykjavíkur en tiltekið er, en það getur líka orðið síðar, eins og auðvitað er. Viðstaðan á millistöðvunum er höfð sem allra-stytzt, verði þangað annars komið fyrir veðurs sakir eða íss. Það skal sjerstaklega tekið fram, að á *Stykkishölm*, *Skagaströnd* og *Berufjörð* verður því að eins komið, að veður leyfi.
- Athgs. 2. Á *Vestmannaeyjum* er komið við í hverri ferð sunnan um land, ef kringumstæður leyfa. Eptir komuna til Reykjavíkur er í hvert skipti farið til Hafnarfjarðar, ef skipið hefur meðtekið flutningsgóz þangað.
- Athgs. 3. Enn fremur er komið við í *Klaksvík* á Færeyjum í annari ferðinni bæði á útleiðinni og á utanleiðinni og á 3. og 12. ferð á útleiðinni, og loksins, ef góður farmur býðst, á 6. og 8. ferðinni út og utan.
- Athgs. 4. Banni ís skipunum fyrirætlaða leið norðan um land, verða þeir farþegar, er ætla á einhvern stað, sem ekki verður komið að, látnir fara í land á næstu höfn, sem komið verður inn á. Vilji þeir heldur verða með skipinn til annarar hafnar, mega þeir það. Farareyri verður engum skilað aptur, þótt svo beri til, og fæðispeninga verða farþegar að greiða, meðan þeir eru innan borðs. Við slík tækifæri verður farið á sama hátt með flutningsgóz. Skipstjórnarnir ráða, hvort þeir afferma það á næstu höfn, sem komið verður inn á, eða hafa það með sjer lengra og skila því á sinn samastað í apturleiðinni.

122

Reikningságrip

Thorkillii barnaskólasjóðs árið 1882.

| | | Tekjur: | Kr. A. |
|----------------|---|-----------------|----------|
| 1. | Eptirstöðvar við árslok 1881 (Stjórnartíð. 1882, B. 25.) | | 66550 25 |
| 2. | Leigur af vaxtafje sjóðsins | | 2537 35 |
| 3. | Borgað af lánum einstakra manna | | 2974 68 |
| 4. | Ný skuldabryjef, er sjóðurinn hefur eignast | | 2900 00 |
| Tekjur samtals | | | 74962 28 |
| | | Gjöld: | Kr. A. |
| 1. | Kennslustyrkur og uppeldisstyrkur veittur fátækum börnum í Kjalarnespingi | | 2465 00 |
| 2. | Lánað út á árinu | | 2900 00 |
| 3. | Til jafnaðar móti 3. tekjulið | | 2974 68 |
| 4. | Eptirstöðvar við árslok 1882: | | |
| | a. ríkisskuldabryjef | 29190 kr. 00 a. | |
| | b. skuldabryjef einstakra manna | 36692 — 81 - | |
| | c. ógoldnir vextir | 103 — 16 - | |
| | d. í peningum | 636 — 63 - | 66622 60 |
| Gjöld samtals | | | 74962 28 |

Reykjavík 20. nóvember 1883.

Magnús Stephensen,
settur.

P. Pjetursson.

ÓVEITT SÝSLAN.

ÞINGEYRAKLAUSTURSUMBOD. Hefur umboðsmaður í laun sjöttung ($\frac{1}{6}$ eða $16\frac{2}{3}\%$) af jarðaafgjöldum þeim, er hann innheimtir, en verður að standa landssjóði skil á þeim í peningum eptir verðlagsskrá, þó þau sjeu greidd honum í landaaurum. Sýslanin verður veitt frá fardögum 1884. Bónarbryjef eiga að stílast til landshöfðingja, en sendast ammanninum yfir norður- og austuramtinu fyrir lok febrúarmánaðar 1884.